

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1980

11. apríl 1980.

185

Nr. 11.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrtæki oliugjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafra og hlutaskipta frá 1. mars 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

*Gjört í Reykjavík 11. apríl 1980.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

11. apríl 1980.

Nr. 12.

## L Ö G

um orkujöfnunargjald.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Leggja skal 1½% orkujöfnunargjald á söluskattstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.

**2. gr.**

Ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim lögum skulu gilda að fullu um álagningu, innheimtu og aðra framkvæmd orkujöfnunargjalds.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi frá og með 14. apríl 1980.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I**

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar orkujöfnunargjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

**II**

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki innheimt orkujöfnunargjald af henni við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 21. apríl 1980.

**III**

Af vörum söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollfyrivalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 14. apríl 1980 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða orkujöfnunargjald, nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. júní 1980.

**IV**

Vegna aprílmánaðar 1980 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattsskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 13. apríl en hinni vegna sölu- og orkugjaldsskyldrar starfsemi frá og með 14. apríl og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

*Gjört í Reykjavík 11. apríl 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*